

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016, RÖKSTUÐNINGUR DÓMNEFNDA (UM ALLAR TILNEFNÐAR MYNDIR):

DANMÖRK

Titill á frummáli: Under sandet

Titill á ensku: Land of Mine

Leikstjóri: Martin Pieter Zandvliet

Eitt er að segja hrífandi þroskasögu einstaklings. Annað er að sviðsetja brot úr mannkynssögunni svo að áhorfandanum finnist hann virkilega á staðnum. Og enn annað er að þora að ögra danskri þjóðarsál svo að undan sviði. Í *Under sandet* leysir Martin Zandvliet allt ofantalið áreynslulaust af hendi með nánast óbærilega áleitinni frásögn af þýskum hermönnum á táningsaldri, sem voru neyddir til að hreinsa jarðsprengjur við vesturströnd Jótlands eftir seinni heimsstyrjöld. *Under sandet* er mynd sem hefur óhjákvæmilega djúp áhrif á sýn áhorfandans á mannlegt eðli og danska þjóðarsál.

Dómnefnd: Per Juul Carlsen, Jakob Wendt Jensen og Eva Novrup Redvall

FINNLAND

Titill á frummáli: Hymyilevä mies

Titill á ensku: The Happiest Day in the Life of Olli Mäki

Leikstjóri: Juho Kuosmanen

Hvort vilt þú verða heimsmeistari eða meistari eigin lífs? Á yfirborðinu er *Hymyilevä mies* kvikmynd um tiltekið tímaskeið, sem byggir á ævi raunverulegrar persónu, en í kjarna hennar liggur hinn aldagamli vandi að þurfa að velja á milli ástar og velgengni.

Juho Kuosmanen leikstýrir þessari fyrstu mynd sinni í fullri lengd af miklu öryggi. Hrífandi og lágstemmd kímni í bland við nostalgískan blæinn á svarthvítri kvikmyndatöku Jani-Petteri Passi er fyrirtaks umgjörð um frábæra frammistöðu leikarahópsins.

Dómnefnd: Jaana Puskala, Outi Heiskanen, Harri Römpötti

ÍSLAND

Titill á frummáli: Prestir

Titill á ensku: Sparrows

Leikstjóri: Rúnar Rúnarsson

Prestir er þroskasaga unglingsdrengsins Ara, en tilvera hans umbyltist þegar móðir hans ákveður að flytja til útlanda með eiginmanni sínum. Ari á ekki annarra kosta völ en að yfirgefa Reykjavík og flytja á æskuslóðirnar á Vestfjörðum, til áfengissjúks föður sem hann hefur ekki hitt í mörg ár. Í myndinni má finna ýmis stef sem jafnan einkenna þroskasögur, einkum hvað snertir samband föður og sonar frá sjónarhorni hins afskipta barns. Samskipti Ara við kvenfólk koma einnig við sögu og samband þeirra æskuvinkonunnar Láru er miðlægt í frásögninni.

Leikstjórinn Rúnar Rúnarsson hefur þróað áberandi persónulegan stíl sem byggir á hárfínum athugunum á hefðbundinni íslenskri menningu og fagurfræði og samspili þessara þátta við nútímahugsunarhátt, en þetta er oftast en ekki sett fram samhliða þeim flækjum sem vöxtur og þroski hafa í för með sér. Í *Pröstum* eru þessi stef undirstrikuð af því sálarstríði sem hlýst af því að hin gamla og nýja tilvera Ara mætast, svo og hefðbundnum gildum sem líða undir lok og þeim erfiðu málamiðlunum sem fylgja því að fullorðnast.

Listileg kvikmyndataka Sophiu Olsson sýnir einangrun hins hrjúfa fjalllendis Vestfjarða, en varpar einnig ljósi á þá stilltu hugafró sem firðirnir geta stafað frá sér.

Dómnefnd: Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson, Helga Þórey Jónsdóttir

NOREGUR

Titill á frummáli: **Louder Than Bombs**

Titill á ensku: **Louder Than Bombs**

Leikstjóri: Joachim Trier

Louder Than Bombs eftir Joachim Trier er athugun á sorginni, eða nánar til tekið því hvernig hún birtist hjá föður og tveimur sonum hans, þremur árum eftir andlát móðurinnar. Móðirin hefur skilið eftir sig litla fjölskyldu sem tengist ástríðum en flóknum böndum. Feðgarnir reyna af öllum mætti að ná hver til annars og að tala saman um sorgina og eigin tilveru. Joachim Trier og handritshöfundurinn Eskil Vogt, sem áður hafa átt gott samstarf sín á milli, lýsa þessum aðstæðum af stillingu, með samfelldu flæði, frumlegu myndmáli og umhyggju fyrir ólíku tilfinningalegu ástandi persónanna. Trier lætur sér annt um persónur sínar. Og í innsta kjarna sögunnar eru minningar, þrá og söknuður eftir látinni konu.

Dómnefnd: Silje Riise Næss, Kalle Løchen og Britt Sørensen

SVÍÐJÓÐ

Titill á frummáli: **Efterskalv**

Titill á íslensku: **Framhaldslíf**

Leikstjóri: Magnus von Horn

Framhaldslíf (Efterskalv) eftir Magnus von Horn er tímalaus kvikmynd sem kemur áhorfandanum á óvart með því að tefla sígildum siðferðislegum spurningum fram með óvæntum hætti.

Líkt og *Boðorðin tíu* eftir Krzysztof Kieślowski fjallar *Framhaldslíf* um gangverk ofbeldisins og hversdagslegar birtingarmyndir þess á lágstemmdan og kraftmikinn hátt, með myndatöku sem sýnir bæði landslag og einstaklinga í prísund víðáttumikillar auðnar. Stíllinn er þéttur og sjónrænn og fer vel við frásögn þar sem hið ósagða hefur sömu vigt og knöpp samtöl persónanna. Ennfremur stuðlar viðkvæmt samspil milli persóna feðganna í myndinni að því að *Framhaldslíf* er óvenju þroskuð frumraun sem þegar hefur yfirbragð sígilds verks.

Dómnefnd: Jannike Åhlund, Jon Asp, Kristina Börjeson